

Verkheiti:	Vífilshöll – Vetrarmýri 18	Númer stöðuskýrslu:	4.
Verkkaupi:	Garðabær	Dagsetning skýrslu:	19. nóvember 2021
Verktaki:	ÍAV hf.	Unnið af	SG/GBG
Eftirlitsaðili:	Strendingur ehf.		



Verksamningur

Verksamningur milli Garðabæjar og ÍAV hf. var undirritaður með viðauka þann 22. október 2019, síðan var gerður samningur um að setja ágreining um verkið í gerðardóm þann 23.06.2020 og lágu niðurstöður gerðardóms fyrir 23.11.2020. Samningsupphæð var 4.219 Mkr að viðbættum 240 Mkr sem niðurstöður viðbótarsamnings og gerðardóms. Heildarupphæð 4.459 Mkr. Reikningsfærð staða í verkinu þann 31.10.21 er 3.689 Mkr eða 87,4% af heildarupphæð að viðbættum 358 Mkr í verðbætur.

Mannvirkið:


Vífilshöll er að heildarflatarmáli 15.770m² sem skiptist í 9600m² (80m x 120m) íþróttasal, tengibygging á tveimur hæðum 1370m² og viðbyggingu íþróttahúss á þremur hæðum alls 4800m².

Íþróttasalur er með 11-14m lofthæð og inn af honum er upphitunarsvæði og svæði fyrir klifurvegg, frá 2. hæð tengi- og viðbyggingar er hægt að ganga inn á svalir sem eru hringinn í kringum íþróttasalinn. Í tengibygging eru búningsklefar á 1. hæð og á 2. hæð er aðstaða fyrir m.a áhorfendur. Viðbygging inniheldur m.a þreksal og ýmis stoðrymi en á annarri og þriðju hæð eru rými sem ekki verða innréttuð í þessum áfanga.

Verkstaða.

Nú eru um 70 manns að vinna við verkið og unnið er samhliða í lokafrágangi á fjölmörgum verkþáttum. Þann 19. nóvember var verkstaða eftirfarandi

Undirkerfi fyrir gervigras er komið og gervigras verður lagt á í næstu viku. Frágangur þjónusturýma er langt kominn og er verið að vinna í lokfrágangi allra verkþátta. Seinkun hefur verið í nokkrum verkþáttum sem aðallaga stafar af seinkun í afhendingu vara erlendis frá s.s ljós og innihurð en verktaki telur að þetta hafi ekki áhrif á afhendingu húsnæðis sem fyrirhuguð eru 22. desember 2021. Þó má vera að einstaka búnaður komi seinna s.s áhorfendabekkir. Þá er verið að vinna í frágangi bílastæða og lóðar sem að stórum hluta er utan verksamnings við ÍAV og er frágangur þar nokkuð háður verðri. Klifurveggur er einnig fyrir utan verksamning við ÍAV og er hann á áætlun í janúar 2022



Undirlag fyrir gras komið á íþróttasal



Andviri 2 hæð



Byrjað á kantsteini við bílastæði á suðurhlíð

